

Nd.

387. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1932.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar er að þessu sinni í öðru formi en verið hefir undanfarið. Er sýnilega til þess ætlaðt, að fjárlögin verði afgreidd þannig, að glögglega megi á þeim sjá, hvaða gjöld eru þein rekstrargjöld og hvað gengur til afborgana skulda og annara eignaaaukninga. Er þetta tvímælalaust til bóta frá því, sem verið hefir.

Af þessari breytingu leiðir það, að upp er tekinn í rekstrargjöld nýr liður:

fyrning fasteigna rikissjóðs, sem hingað til hefir eigi verið færð á fjárlög. Nemur þessi gjaldaliður um 354 þús. krónum. Við athugunarlitinn samanburð virðist því rekstrarútkoma frv. óhagstæðari í samanburði við fjárlög fyrri ára, sem þessari upphæð nemur, en hún í raun réttari er. Þannig er rekstrarafgangurinn samkvæmt frv. áætlaður um 873 þús. kr., en væri, ef fyrning teldist eigi til rekstrarargjalda, um 1227 þús. krónur. Á greiðslujöfnuð sjóðreiknings hefir þetta hinsvegar engin áhrif.

Breyting sú, er að framan greinir, má heita það eina, sem gott er að segja um frv. Bæði tekju- og gjaldaliðir virðast þar áætlaðir mjög af handahófi og ýmsir mjög fjarri því, sem reynsla undanfarinna ára sumpart bendir til og sumpart sannar, að þeir muni verða. Hefir meiri hluti nefndarinnar þegar lagt til, að leiðréttar yrðu bersýnilegar skekkjur í útgjaldaáætluninni, og nema þær leiðréttingar til hækkunar yfir hálfri milljón króna. Þar frá dragast svo leiðréttingar til lækkunar gjalda um 150 þús. kr. Um þessar tillögur er ég yfirleitt sam-mála meiri hlutanum.

Ein mjög stórfelld skekkja á útgjaldaáætluninni er þó látin óleiðrétt af nefndinni. Er það áætlunarliðurinn: Til viðhalds og umhóta á þjóðvegum, sem í frv. stjórnarinnar er áætlaður aðeins 200 þús. kr., en samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra hlýtur að verða a. m. k. um 500 þús. kr., ef ekki er til þess ætl-azt, að þjóðvegirnir spillist og verði ófærir. Þessa skekkju telur meiri hlutinn eigi ástæðu til að leiðrétta að svo stöddu og ber því við, að enn sé eigi vitað, hvort frv. um benzinskatt o. fl. verður að lögum á þessu þingi. Fæ ég eigi séð, að afgreiðsla þess máls geti haft nokkur áhrif til aukningar eða minnkunar viðhaldskostnaðar veganna og legg því til, að upphæðin sé hækkuð nú þegar.

Svo ónákvæm, sem áætlun gjaldanna er í frv., þá er þó tekjuáætlunin að minni hyggju ennþá fjær sanni, langt fyrir neðan það, sem ætla má að þær verði. Meiri hlutinn hefir eigi viljað ganga lengra í því að hækka tekjuáætlunina en svo, að hægt sé að láta líta svo út, sem fjárlögin séu rétt aðeins hallalaus. Um þetta reis ágreiningur milli mín og meiri hlutans.

Ég tel alveg jafnsjálfsagt og nauðsynlegt að áætla tekjurnar sem næst því, sem ætla má að þær verði, eins og að fylgja þeirri reglu um áætlun gjaldanna. Sé gjaldaáætlunin rétt, en tekjurnar áætlaðar svo „varlega“, að þær fari langt fram úr áætlun, er ríkisstjórninni þar með beinlínis gefið undir fót að ráðstafa fénu utan fjárlaga til þeirra framkvæmda, sem henni eru hugstæðastar. Með þessu er fjárveitingavaldið að miklu leyti tekið frá Alþingi og iagt í hendur ríkisstjórnanna. Reynsla undanfarinna ára sýnir greinilega, hve óhyggilegt þetta er. Tekjurnar hafa undanfarið verið áætlaðar svo „varlega“, að stjórnin hefir fengið margar milljónir til ráðstöfunar umfram það, sem þurfti til að standast gjöld þau, er fjárlög ákváðu. Þetta fé er nú eytt. Stjórnin hefir ráðstafað því án þess að Alþingi gæfist einu sinni kostur á að segja fyrir um, til hvers það skyldi notað.

Með því stöðugt að áætla tekjurnar of lágar, er þjóðinni sagt ósatt um það, hversu mikla tolla og álögur henni er ætlað að greiða og hún leynd því, sem hún á sjálfsagðan rétt á að fá sem sannasta vitneskju um. Og loks er sá megingalli á þessari reglu, að hún veitir tyllíastæðu til að synja um fjárveitingar

til nauðsynlegra framkvæmda undir því yfirskini, að eigi sé hægt að leggja fram þær fjárhæðir án þess að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla. Undir þessu yfirskini hefir mörg nauðsynleg fjárveiting verið felld og margföldum upphæðum síðan varið til annars af ríkisstjórninni án heimildar frá þinginu.

Vilji þingið í raun og veru hafa fjárveitingavaldið í sínum höndum, verður það að ganga svo frá fjárlögum, að bæði tekjur og gjöld séu áætluð sem allra næst því, sem ætla má að þau verði, og krefjast þess af hverri ríkisstjórn, að hún fari hvergi fram úr heimildum fjárlaganna, svo að nokkru verulegu nemi, nema sérstök lög skyldi hana til þess.

Hin síðari ár hefir verið lagt svo ríflega fé til verklegra framkvæmda í fjárlögum, að þess eru engin dæmi fyrr. Samt hefir stjórnin tekið sér þessaleyfi og aukið stórkostlega við ýmsar þessar fjárveitingar, í sumum tilfellum um 100% eða meira.

Nú er blaðinu snúið við.

Í frv. stjórnarinnar nú er enginn eyrir ætlaður til verklegra framkvæmda, þegar frá eru teknir smávægilegir styrkir til einkasíma, sýsluvega og skólahúsa.

Þetta er megingalli frv. Og um þetta atriði reis sá ágreiningur innan nefndarinnar, er olli því, að hún klofnaði. Meiri hlutinn taldi eigi fært að breyta þessu og taka upp fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Ég tel eigi fært að samþykkja fjárlögin án þess, að þessu atriði sé breytt og upp teknar fjárveitingar til verklegra framkvæmda svo um muni.

Ríkissjóðurinn er langstærsti atvinnurekandinn á landinu, þótt ekkert tillit sé tekið til embættismanna og annara fastra starfsmanna, en aðeins litið á þann hóp daglaunamanna, sem þar hefir átt sína aðalvinnu. Auk framlaga til viðhalds vega og annara opinberra mannvirkja hefir ríkissjóður undanfarin ár lagt fram stórfé árlega til nýbygginga vega, síma, brúa, vita, hafna, lendingarbóta og allskonar húsabygginga. Hafa upphæðir þessar hlaupið á milljónum hvert síðustu ára. Þúsundir verkamanna um land allt hafa byggt og byggja atvinnuvonir sínar á þessum framkvæmdum. Þúsundir bænda, sjómanna og útvegsmanna byggja vonir sínar um bætt skilyrði til sjálfsbjargar á því, að þessum framkvæmdum verði haldið áfram. Enn vantar vegi, síma og brýr um sveitir landsins til að bæta lífsskilyrði þeirra, sem þær byggja. Enn vantar vita, sjómerki, bryggjur, hafnir og lendingarbætur til að tryggja líf og starf sjómanna og fiskimanna. Enn vantar skóla fyrir börn og unglunga. Og atvinnuleysið hangir eins og svipa yfir höfði verkalýðsins, sem engin starfstæki á og vantar kaupanda að vinnu sinni.

Allar þessar vonir þúsunda verkamanna, bænda og sjómanna á nú að drepa með einu höggi. Verði frv. stjórnarinnar samþykkt, er úti um þær. Meiri hluti nefndarinnar er sama sinnis og stjórnin. Hún afsakar sig með því, að „eins og árferði er nú“ sé ekki fært að veita einn eyri til verklegra framkvæmda.

Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég lít svo á, að einmitt vegna þess, að árferði og útlit er eins og það er, sé allsendis ófært að fella niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Í vetur hafa þúsundir manna í þorpum og kaupstöðum um land allt gengið atvinnulausir mánuðum saman. Sumir hafa alls enga vinnu fengið síðan í haust.

Í Reykjavík einni voru skrásettir nærri 600 atvinnuleysingjar í febrúar s. l. Höfðu margir þeirra þá gengið atvinnulausir í 4—5 mánuði. Og fullt útlit er fyrir, að atvinnukreppa sú, sem nú gengur yfir flest lönd heims, eigi enn eftir að gera meira vart við sig hér á landi en orðið er, ef eigi er að gert í tíma.

Með því að létta tollum af nauðsynjavörum er hægt að veita fátækasta hluta þjóðarinnar, jafnt í sveitum sem við sjó, þeim, sem æfinlega verða harðast úti í misærum, hjálp til að standast harðindin. Alþingi hefir synjað um þessa hjálp.

Með því að styðja sjómenn og smáútvegsmenn til þess að koma afla sínum í verð, gera haum sem fjölbreyttastan og breyta um verkunar- og verzlunarhætti, er hægt að styrkja þá í baráttunni við kreppuna. Alþingi hefir enn eigi fengið til að afgreiða frv. um stuðning ríkisins til að koma á reglubundnum ferðum til útlanda með isvarinn fisk frá samvinnufélögum sjómanna og útvegsmanna. Það hefir enn eigi afgreitt tillögu um ábyrgð fyrir viðskiptum við Rússa. En það hefir gefið sér tólm til þess að drepa frv. um að leyfa fiskimönnum að hagnýta sér kolann við strendur landsins með því að lengja dragnóta-veiðitímann. Sá er stuðningur þingsins við þessa menn.

Með því að halda í horfinu eða auka við verklegar framkvæmdir ríkissjóðs og hvetja sveitar- og bæjarfélög til þess að gera slíkt hið sama er hægt að draga mikið úr þeim vandræðum, sem nú steðja að verkalýðnum.

Ef hinsvegar Alþingi hnígur að því ráði að fella alveg niður verklegar framkvæmdir, samtímis því sem það eykur við tollana, í stað þess að lækka þá, þá herðir það á kreppunni og eykur stórkostlega vandræði almennings.

Einmitt vegna árferðisins er nauðsynin nú ennþá brýnni til að halda uppi verklegum framkvæmdum en nokkru sínni fyrr. Ofan á nauðsyn landsmanna í sveitum og við sjó á því að fá samgöngutæki og menningartæki aukin og bætt bætist nú knýjandi nauðsyn verkafólksins á því að fá vinnu. Felli Alþingi nú niður verklegar framkvæmdir og vísi öllum þeim stóra hóp, sem þar hefir átt atvinnu sína, út á gaddinn, er það sama og að ganga í lið með þeim atvinnurekendum, sem byggjast að nota sér neyð verkalýðsins og atvinnuleysi til þess að koma fram lækkun á kaupgjaldi. Slíkt getur Alþingi ekki látið sér sæma.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hversu stór sá hópur er, sem á atvinnu sína undir því, að eigi verði felldar niður verklegar framkvæmdir, skal hér bent á nokkrar framkvæmdir síðustu ára:

Þessi stórhýsi hafa verið reist eða fullgerð:

Laugarvatnsskóli.

Reykjaskóli.

Reykholtskóli.

Landsspítali.

Landssímastöð.

Útvarpsstöð.

Arnarhváll.

Þjóðleikhúskjallari.

Sildarbræðslustöð.

Vinnuhælið.

Við þessar byggingar hafa þúsundir haft vinnu. Nú er þeim sagt að fara. Til nýbygginga vita, hafnargerða, bryggjugerða, lendingarbóta o. þ. h. hefir á síðustu 3 árum verið varið úr rikissjóði yfir 1200 þús. krónum, eða yfir 400 þús. kr. á ári. Á móti þessum fjárhæðum hefir verið lagt stórfé annarsstaðar frá. Hundruð manna hafa haft atvinnu við þetta. Nú á að visa þeim öllum burt.

Til nýrra símalagninga og viðbóta og viðhalds símanna hefir þessi sömu ár verið varið yfir 1800 þús. kr., eða yfir 600 þús. krónum hvert árið. Það var atvinna fyrir mörg hundruð manna. Nú er hún af þeim tekin.

Stórfé hefir verið lagt til framkvæmda í Flóanum, auk sjálfrar áveitunnar. Vegir hafa verið gerðir, tvö mjólkurbú reist o. fl. o. fl. Nú er þar ekki atvinnu að fá.

Til vegamála hefir rikissjóður á þessum 3 árum lagt um 5½ millj. króna. Árið 1929 unnu verkamenn yfir 130 þús. dagsverk við þau störf. Árið 1930 hefir dagsverkatalan líklega verið 140–150 þús. a. m. k., eða sem svarar óslitinni 6 mánaða vinnu fyrir 1000 manns. Á því ári var varið til vegamála um 2 millj. og 60 þús. kr., þar af helmingnum án þingheimildar. Öllum þeim fjölda verkamanna, sem unnið hafa að þessum störfum, langflestir fyrir óhæfileg sultarlaun, á nú að visa burt, samtímis því sem atvinnurekendur draga úr atvinnurekstrinum.

Slíkt væri hin mesta óhæfa.

Og engin þörf knýr til þessara ráðstafana; síður en svo. Tekjuáætlun stjórnar og meiri hlutans er svo „varleg“, að bersýnilegt er, að hún er allt of lág, ef ekki er gert ráð fyrir, að allt fari hér í kalda kol.

Þessu til sönnunar læt ég fylgja hér yfirlit yfir helztu tekjuliði rikissjóðs, sem nefndin lét semja. Sýnir það tekjurnar 1928, 1929 og 1930. Við það hefi ég svo bætt meðalupphæð hvers tekjuliðs á ári. áætlunarupphæðum frv. og upphæðum samkv. tillögum mínum.

I. Skatta- og tollatekjur rikissjóðs.

	1928	1929	1930	Meðaltal 1928—1930	Frv. stjórn.	Till. HG
	þús.	þús.	þús.	þús.	þús.	þús.
1. Fasteignaskattur	260	270	285	275	280	350
2. Tekju- og eignarskattur	1110	1660	1735	1500	900	1200
3. Lestagjald	45	55	50	50	40	50
4. Aukatekjur	575	600	610	595	500	550
5. Erfðafjárskattur	40	60	65	55	35	50
6. Vitagjald	450	470	500	470	375	450
7. Stimpilgjald	420	400	415	415	360	400
8. Bifreiðaskattur	60	70	110	80	80	120
9. Útflutningsgjald	1340	1205	1090	1210	900	1000
10. Áfengistollur	440	660	750	620	400	500
11. Tóbakstollur	1080	1250	1290	1210	950	1050
12. Kaffi- og sykurtollur	1220	1080	1050	1120	850	950
13. Annað aðflutningsgjald	255	310	290	285	180	230

	1928	1929	1930	Meðaltal 1928—1930	Frv. stjórn.	Till. HG
	pús.	pús.	pús.	pús.	pús.	pús.
14. Vörutollur	1650	2025	1950	1875	1350	1475
15. Verðtollur	1670	2175	2270	2046	1450	1575
16. Sætindagjald	105	120	145	125	50	100
Samtals kr.	10720	12410	12605	11925	8700	10050

II. Stofnanir:

1. Póstur	560	625	600	595	550	575
2. Simi	1655	1750	2025	1830	1800	1900
3. Vínecasala	530	1000	1250	930	600	700
Samtals kr.	2745	3375	3875	3355	2950	3175

Eins og yfirlit þetta ber með sér, áætlað stjórnin tolla- og skattatekjur ársins 1932 aðeins 8,7 millj. króna. Er það nærri 4 millj. lægra en þessar tekjur urðu síðastliðið ár, samkv. yfirliti stjórnarinnar, og 3½ millj. króna lægra en meðalupphæð þriggja síðustu ára. Samkv. till. minum hækka þessir tekjuliðir um 1½ millj., og eru þeir þó nærri 2 millj. undir meðallagi.

Tekjur af ríkisstofnunum áætlað stjórnin 925 þús. kr. lægri en 1930 og 405 þús. kr. lægri en meðaltekjur þriggja síðustu ára. En reynslan hefir sýnt, að tekjur pósts og síma fara jafnt og ört vaxandi. Samkv. minum tillögum eru þessar tekjur þó áætlaðar 180 þús. kr. lægri en meðalupphæðin og 600 þús. lægri en 1930.

Um einstaka tekjuliði skal fátt eitt sagt. Þeir skýra sig sjálfir flestir. Hækkun fasteignaskattsins er sett með hliðsjón af því, sem ætla má, að fasteignamatið frá 1930 verði. Áætlunin um tekju- og eignarskatt styðst að nokkru við þá miklu eignaaukningu, sem fram hefir komið í skattskýrslum 3 síðustu árin og t. d. nemur hér í Reykjavík einni nærfellt 20 millj. kr., og er sett með hliðsjón af skattinum undanfarin ár. Verðtollur og vörutollur eru miðaðir við áætlanir meiri hlutans í milliþinganevnd um skatta- og tollamál. Var þar gert ráð fyrir og miðað við innflutninginn 1926, sem er lægsta innflutningsár um langa hrið, að verðtollurinn myndi nema samkv. frv. því, er Nd. nú hefir samþykkt, nokkuð yfir 3 millj. kr. En áætlun mín er 3 millj. 50 þús. kr. Till. um að skólagjöld verði felld niður þarf heldur ekki að skýra. Þau nema svo litlu, að ríkissjóð munar engu, þótt þau falli burt, en nemendur og aðstandendur þeirra flestir eru svo settir, að þeim er afar erfitt að greiða 150 krónur á vetri. Áætlað er, að útvarpsnotendur verði orðnir um 5000 árið 1932, og er tekjuáætlun útvarpsins byggð á því og upplýsingum frá Viðtækjaverzlun ríkisins.

Gjaldamegin eru aðalbreytingartillögurnar um hækkun á 13. gr.: framlög til vegamála, vita, lendingabóta o. þ. h. Til nýrra akvega er ætlað 330 þús. krónur. Eru þeir allir nema 2, Jökuldalsvegur og Snæfellingabraut, komnir í tölu þjóðvega, og gera má ráð fyrir, að þessir 2 verði bráðlega teknir í þjóðvegatölu. Tillögum vegamálastjóra er fylgt að mestu, nema um Snæfellingabraut og

Breiðadalsheiðarveg. Breiðadalsheiði liggur milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar, og er gert ráð fyrir, að fyrir 60 þús. kr. (tvennar 30 þús.) sé hægt að gera hana bilfæra að sumarlagi, og tengja þannig ágæta sveit við stóran kaupstað til gagnsemdar fyrir báða aðila. Hækkun viðhalds um 300 þús. kr., framlög til brúagerða 100 þús. og hækkun fjallvega 15 þús. er sett samkv. till. vegamálastjóra, en þó brúaféð lækkað nokkuð. Samtals nema hækkanir á þessum lið, vegamálum, 745 þús. kr.

Vegamálastjóri telur, að með því að verja fjallvegafé að mestu til ruðnings á Reykjaheiði, Hólsfjöllum og Möðrudalsöræfum og ef sæmilega er lagt til viðhalds þjóðvega, verði hægt næsta ár að gera bilfært að sumarlagi alla leið frá Reykjavík norður um land og austur í Jökuldal. Fyrir 50 þús. kr. telur hann og, að gera megi slarkfært í bil um Jökuldalinn, og er þá bilfært orðið alla leið frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Eða réttara sagt, frá því austast í Vestur-Skaftafellssýslu — þegar vötnin í Rangárvallasýslu eru fær — og alla leið til Reyðarfjarðar vestur og norður um land. Og fyrir 90—100 þús. kr. (þrjár 30 þús. kr. fjárveitingar) telur hann, að hægt sé að gera bilfæran sumarveg yfir Fjarðarheiði og tengja þannig Seyðisfjörð við vegakerfið. Austfirðir og Vestfirðir hafa til þessa verið svo afskiptir við úthlutun vegafjár, að ekki er sæmendi. Verði þetta gert, er nokkuð úr bætt.

Tillögur minar til hækkunar á 13. gr. nema samtals 261 þús. krónum. Kveður þar mest að bryggjugerðum. Í fjárlögum þessa árs er styrkur ætlaður til bryggjugerða í Keflavík, Húsavík, Hvammstanga, Hnífsdal og Vopnafirði, samtals 77500 krónur. Allt er þetta fyrsta fjárveiting af 2 eða fleirum. Til þess að eigi þurfi að hætta við þessi verk hálfunnin, verður að veita sama styrk áfram. Alþingi getur eigi hvatt héruð til framkvæmda með loforðum um fjárstyrk og síðan kippt að sér hendinni og gabbað þá, sem reiddu sig á loforðin. Ólafsvíkingar hafa þegar lagt fram svo mikið fé til varnargarðsins þar, að þeim er um megn að leggja meira fram, en til þess að fullgera garðinn, svo að hann komi að fullum notum, þarf um 30 þús. kr. Sauðkræklingar hafa fé til að leggja á móti styrknum og Útgerðarfélag Vatnsleysustrandarhrepps mun þegar hafa að mestu gert þær lendingarbætur, sem þar er um að ræða, en ris tæplega undir kostnaðinum, sem varð um 17 þús. kr. Akranes hefir þegar lagt fram og látið vinna fyrir 120 þús. kr. að hafnargerð þar. Er tillagan miðuð við $\frac{2}{5}$ af þeirri upphæð, og er gert ráð fyrir, að verkinu verði haldið áfram og styrkur veittur í sömu hlutföllum.

Verkamenn, sem unnu við brimbrjótinn á Skálum, eiga ennþá eftir að fá greitt allmikið af kaupum sínum. Nema þær skuldir um 6000 krónum. Verkið var unnið undir yfirumsjón vitamálastjóra og styrkur veittur til þess frá hreppnum, ríkissjóði og Fiskifélaginu. Það er fullkomin óhæfa og vansi fyrir hið opinbera, þar sem verkið var unnið undir þess umsjón, að ekki skuli hafa verið staðið í skilum með kaupgreiðslur til verkamanna, og er sjálfsagt að bæta úr þessu nú þegar.

Brýn og aðkallandi þörf er að fá nú þegar vita á Óshóla innan við Bolungavík og Sauðanes við Siglufjörð. Vegna þoku verður ekki hjá því komizt að hafa hljóðvita á Sauðanesi. Vitamálastjóri áætlar kostnaðinn við að koma upp

Þessum vitum báðum 95 þúsund. Siglufjarðarkaupstaður mun fáanlegur til að leggja eitthvað fram til Sauðanesvitans, og mætti þá nota það fé til að byggja íbúðarhús fyrir vitavörðinn.

Fyrir þinginu liggur nú frv. til laga um háskólabýggingu. Gera má ráð fyrir, að það verði samþykkt bráðlega. Eigi þau lög að verða annað en pappírs-gagn, þarf að sjá fyrir fé til byggingarinnar. Reykjavíkurbær hefir lofað ágætri og stórrí lóð ókeypis. Er sjálfsagt að hafa þetta verk sem atvinnubótavinnu þegar minnst er að gera. Eigi lögin um gagnfræðaskóla í kaupstöðum að koma að haldi, þarf að byggja hús fyrir skólana bæði hér í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum. Sjálfsagt er, eftir því sem því verður við komið, að hafa þessi verk sem atvinnubætur og vinna fyrir styrkinn og framlög kaupstaðanna þann tíma árs, sem minnst er að gera.

Til nýrra símalagninga eru ætlaðar 117 þús. krónur, og er í tillögum mínum farið eftir tillögum landssímastjóra, en nokkuð dregið úr fjárhæðinni.

Þá er loks sú tillaga, að verja 300 þús. kr. til þess að styrkja bæjar- og sveitarfélög til atvinnubóta, þegar atvinnuskortur er í héraðinu. Frv. um jöfnunarsjóð ríkisins hefir enn eigi náð fram að ganga, og þótt það verði að lögum á þessu þingi, hefir sjóðurinn lítið fé til umráða í byrjun. En eins og útlit er nú, má telja fullvíst, að óhjákvæmilegt verði að halda uppi atvinnubótum á næsta ári. Má og telja víst, að flestar bæjarstjórnir myndu halda uppi atvinnubótum, ef þriðjungs styrkur kæmi á móti úr ríkissjóði. En verði ekkert bætt úr atvinnuleysinu, hlýtur fátækraframtæri að aukast alveg gifurlega, eða þeir, sem verst eru settir, að líða beinan skort.

Samtals nema tillögur mínar um hækkun gjalda til verklegra framkvæmda kr. 1633 þús.
Þar frá dregst: Lækkun konungsmötu kr. 13000
og lækkun rekstrarhalla útvarps — 50000

— 63 —

Hækkun gjalda verður kr. 1570 þús.
Hækkun tekna samkv. 2. gr. er samkv. till. mínum kr. 1335 þús.
og hækkun rekstrarhagn. á 3. gr. — 225 —

— kr. 1560 þús.

Mismunur kr. 10 þús.

Þeim, sem kann að þykja óvíst, að áætlanir mínar um tekjurnar reynist réttar, eða telja hyggilegra að áætla þær svo „varlega“, að fullvíst megi heita, að ríkisstjórnin fái þar umframtekjur til ráðstöfunar, skal bent á, að fyrir þinginu liggja frv. um tekjuauka, t. d. um fasteignaskatt og um einkasölu á tóbaki, og loks það, að enn er nægur tími til að hækka tekju- og eignarskattinn, þann skatt, sem nær eingöngu hvílir á eignamönnum og þeim öðrum, sem hafa háar tekjur og kreppan mæðir minnst eða ekkert á.

Móti framlögum þeim, sem gert er ráð fyrir frá ríkissjóði í tillögum

minum og samtals nema 1 milljón 618 þús. krónum, eiga að koma sem fram-
lög héraðanna til skólabygginga, hafna, bryggju- og hafnargerða og sérstakra at-
vinnubóta um 1 milljón og 80 þús. krónur.

Samtals myndu því verklegar framkvæmdir hins opinbera aukast um
2 milljónir og 700 þús. krónur, ef tillögur minar ná samþykki.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Haraldur Guðmundsson.